

## Vigfús Hallgrímsson

---

**From:** Magnús Baldursson  
**Sent:** 1. maí 2016 19:54  
**To:** Vigfús Hallgrímsson  
**Subject:** FW: Ályktun frá kennurum í sérdeild

**Magnús Baldursson**  
Sviðsstjóri fræðslu- og frístundþjónustu / Fræðslustjóri

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



---

**From:** Valdimar Víðisson  
**Sent:** 29. apríl 2016 14:07  
**To:** Magnús Baldursson <[magnusb@hafnarfjordur.is](mailto:magnusb@hafnarfjordur.is)>  
**Subject:** Ályktun frá kennurum í sérdeild

### Viðbrögð kennara í sérdeild Öldutúnsskóla við skýrslunni *Skipan sérúrræða í grunnskólum Hafnarfjarðar*.

Í skýrslunni er lagt til að sérdeildir við grunnskóla Hafnarfjarðar verði lagðar niður. Við teljum þvert á móti nauðsynlegt að hafa sérdeildir fyrir þau börn sem eru með mestu raskanirnar af eftirtöldum ástæðum:

- að þannig sé auðveldara fyrir þessa nemendur að eignast félag á svipuðu róli.
- að þennig fái þessi hópur betri þjónustu – bæði námslega og félagslega.
- Við teljum ljóst að nú þegar sé mikið álag á bekkjarkennara og að þeir geti ekki sinnt meiru.
- Reynsla hefur sýnt að nemendur mæta betur þegar þau eru komin í námsver úr bekk.
- Í námsveri er betra utanumhald og þjónusta – koma oft frá brotnum heimilum
- Reynsla sýnir að foreldrar hafa jákvætt viðhorf til námsvera.

Við teljum að sérskólar, eins og Klettaskóli, séu nauðsynlegir vegna þess að þar er fagþekking og húsnæði. Nemendur eiga þar auðveldara með að finna félag og jafningja. Stefnan um minni aðgreiningu má ekki leiða til kennslu án aðgreiningar þar sem öllum er kennt það sama. Þegar allir fá „kennslu við hæfi“ þýðir það aðgreiningu því nemendur eru ólíkir og hafa mismunandi þarfir.

Í skýrslunni er tekið fram að um leið og sérdeildum verði lokað „eigi sér stað faguppbygging, í hverjum skóla og á milli skóla“ (bls. 16). Ekki er þó útfært hvernig þessi uppbygging eigi að líta út. Við teljum ástæðu til að skýra margt um hvað eigi að taka við af sérdeildum. Meðan nemendur með sérstakar þarfir eru í skólanum hlýtur að vera þörf fyrir námsver í einhverri mynd.

Hafnarfirði 29. apríl 2016

Þóra Flygenring

Skúli Pálsson